



Reykjanesbær, 28. ágúst 2026

723. fundur bæjarstjórnar Reykjanesbæjar haldinn að Grænásbraut 910
1. september 2026, kl. 17:00

DAGSKRÁ

1. Fundargerðir bæjarráðs 20. og 27. ágúst 2026 (2026010008)
2. Fundargerð skipulagsráðs 21. ágúst 2026 (2026010016)
3. Fundargerð atvinnu- og hafnarráðs 20. ágúst 2026 (2026010009)
4. Fundargerð menntaráðs 21. ágúst 2026 (2026010013)
5. Fundargerð íþróttá-, tómstunda- og menningarráðs 24. ágúst 2026 (2026010010)
6. Fundargerð leikskólaráðs 28. ágúst 2026 (2026060312)
7. Málefni flóttafólks – fyrirspurn (2024100122)
8. Ásahverfi, umferðaröryggi - fyrirspurn (2026050289)
9. Fjárfestingaverkefni 2027 - fyrirspurn (2026080103)



Fundargerð

1575. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
20. ágúst 2026, kl. 08:00

Viðstaddir:

Gunnlaugur Kárasón formaður, Alexander Ragnarsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Kristján Pétur Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Margrét Þórarinsdóttir boðaði forföll, Alexander Ragnarsson sat fyrir hana.

* * *

1. Viðauki við fjárhagsáætlun - skammtí mavistun fatlaðra barna (2025060320)

Hera Ósk Einarsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs situr fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lögð fram beiðni um viðauka samkvæmt bókun frá fundi velferðarráðs þann 13. ágúst sl.

Bókun minnihluti bæjarráðs:

„Við þökkum sviðsstjóra fyrir nánari upplýsingar um málið og fögnum því að sviðsstjóri velferðarsviðs hafi unnið áfram að þessu mikilvæga máli og styðjum fyrirhugað aukið samstarf Reykjaneshæjar, Suðurnesjabæjar og Voga um tímabundna fjölgun plássna í skammtí mavistun barna í Heiðarholti.

Hér er um mikilvægt fjölskyldumál að ræða enda samþykktum við fyrr á árinu 25% auka stöðugildi á Heiðarholti til að fjölga plássum. Um 20 börn eru á biðlista eftir skammtí mavistun og um helmingur þeirra kemur frá Reykjaneshæ. Með þessari tímabundnu lausn skapast tækifæri til að mæta fleiri börnum og auka þjónustu við þau sem nú þegar njóta hennar. Þetta er mikilvægt skref í þeirri vinnu sem hófst á síðasta kjörtímabili með það að markmiði að draga úr því mikla álagi sem skortur á þjónustu getur lagt á fjölskyldur fatlaðra barna.

Við viljum ítreka mikilvægi þess að áhersla verði lögð á að vinna áfram að framtíðarsýn í málaflöknum og að byggt verði á þeirri vinnu sem unnin hefur verið um varanlegt fyrirkomulag og uppbyggingu fjölbreyttrar þjónustu við fjölskyldur í Reykjaneshæ.

Til að fjármagna hlut Reykjaneshæjar, 8.325.005 kr. á árinu 2026, leggja fulltrúar Framsóknar og Samfylkingar til að fallið verði frá launahækkunum kjörinna fulltrúa sem tóku gildi um síðustu mánaðamót og að fjármagnið verði nýtt þess í stað í þessa mikilvægu þjónustu við börn og fjölskyldur.

Þetta er í samræmi við áherslur okkar, bæði á síðasta kjörtímabili og því sem nú er hafið, um fjölskylduvænt samfélag með eflingu lögskyldrar grunnþjónustu til að bregðast við raunverulegum þörfum íbúa.“

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir Framsókn og Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu.

Fundarhlé sett kl. 8:23

Fundur aftur settur kl. 8:28

Bókun meirihluta bæjarráðs:

„Meirihlutinn tekur undir bókun minnihlutans, að undanskildu því hvernig lagt er til að viðaukinn verði fjármagnaður. Unnið er að þarfagreiningu vegna þessarar mikilvægu starfsemi sveitarfélagsins sem mun leggja grunn að framtíðarstefnumörkun í málaflokksnum.“

Gunnlaugur Kárasón Miðflokk, Kristján Pétur Kristjánsson og Alexander Ragnarsson Sjálfstæðisflokk.

Beiðni velferðarráðs um viðauka vegna skammtí mavistun fatlaðra barna er samþykkt 5-0.

Í bókun minnihluta er lögð til önnur leið um fjármögnun. Minnihluti lagði til að viðaukinn yrði fjármagnaður af launalykli nefnda og ráða. Meirihlutinn hafnar þeirri tillögu 3-2.

Meirihluti samþykkir 3-2 að kostnaði að fjárhæð 8.325.005,- kr. verði mætt með viðauka við fjárhagsáætlun 2026 og fjárheimild færð á 02591-4510 á móti útsvarstekjum umfram fjárhagsáætlun á 00010-0020.

2. Viðauki við fjárhagsáætlun - flutningur á milli deilda (2025060320)

Svar við spurningu fulltrúa Framsóknarflokks og Samfylkingar frá fundi bæjarráðs nr. 1572 þann 23. júlí, 2026.

Fyrirspurn sem minnihluti bæjarráðs lagði fram á fundi bæjarráðs 23. júlí 2026:

Fulltrúar Framsóknar og Samfylkingar óska svara þar sem stjórn eignasjóðs var ekki inni í skjalinu hjá fjármálastjóra, þarf að kanna hvort það séu ónýttar fjárheimildir þar fyrir 2026 og einnig varðandi fjölda funda hjá umhverfis og framkvæmdaráði, hvort ráðið muni funda 1x eða 2x í mánuði.

Svar meirihluta bæjarráðs við fyrirspurn:

Ónýttar fjárheimildir í eignasjóði vegna nefndastarfa námu 2.644.018,- kr. en voru ekki færðar yfir á umhverfis- og framkvæmdaráð þar sem ekki var talin þörf á því að svo stöddu. Flutningur fjárheimilda milli annarra nefnda og ráða dekkja nefndarlaun og launatengd gjöld sbr. töflu hér að neðan. Reiknað er með því að umhverfis- og framkvæmdaráð fundi einu sinni í mánuði en í fjárhagsáætlunargerðinni gætu orðið aukafundir og þá eru ónýttar fjárheimildirnar í eignasjóði til að hlaupa upp á.

3. Úttektir á fjármálum og stjórnsýslu Reykjanesbæjar (2026070070)

Svör við fyrirspurn sem minnihluti bæjarráðs lagði fram á fundi bæjarráðs 23. júlí 2026:

1. Getur meirihlutinn upplýst á hvaða fundi eða með hvaða formlega hætti pólitísk ákvörðun var tekin um að aflétta frýstingu launa kjörinna fulltrúa sem gilt hefur frá 2023?

Þrátt fyrir að þessari fyrirspurn hafi verið svarað á síðasta fundi er meirihlutanum ljúft og skylt að leiðrétta misskilning minnihlutans enn og aftur.

Spurt er hvenær ákvörðun hafi verið tekin um hækkun launa kjörinna fulltrúa en slíkt byggir á röngum forsendum. Launakjör kjörinna fulltrúa fylgja gildandi samþykktum sem tengja þau við þingfararkaup og stjórnsýslan framkvæmir þær reglur þegar breytingar verða. Engin sérstök ákvörðun var því tekin af hálfu meirihlutans. Hefði hins vegar átt að víkja frá gildandi reglum og frysta launin hefði þurft sérstaka ákvörðun þar að lútandi.

2. Telur meirihlutinn að rétt sé, við núverandi fjárhagsaðstæður og á sama tíma og stöðugt er kallað eftir aðhaldi í rekstri sveitarfélagsins, að fyrsta stóra ákvörðunin um kjör kjörinna fulltrúa sé hækkun á eigin launum þar sem engin hækkun hefur átt sér stað og umrædd hækkun er gerð á miðju ári og ekki gert ráð fyrir hækkuninni innan fjárhagsáætlunar ársins?

Ein af forsendum fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2026 var að öll laun voru hækkuð um 4% og þar með talið nefndarlaun. Ef reiknuð eru nefndarlaun fyrir bæjarstjórn og öll ráðin fyrir 1.7. til 31.12 2026 miðað við hækkun 1. júlí gera það 80.231.254,- kr. með launatengdum gjöldum, á móti eru ónýttar fjárheimildir bæjarstjórnar og ráða sem þann 1.7. námu 86.476.706,- krónum. Hækkunin er því innan fjárheimilda.

Bókun minnihluta bæjarráðs:

„Á síðasta kjörtímabili var gert heiðursmannasamkomulag í bæjarráði eins og áður hafði verið gert um að frysta laun kjörinna fulltrúa um óákveðinn tíma og taka ekki inn árlega hækkun sem tengist hlutfalli af þingfararkaupi. Sú ákvörðun var tekin af bæjarráði í heild sinni með það að markmiði að sýna hófsemi og ábyrgð. Þrátt fyrir að þingfararkaup taki breytingum árlega var ekki talið sjálfsgefið að laun kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins ættu að hækka í samræmi við það. Pólitísk ákvörðun meiri- og minnihluta var því tekin árið 2023 og hefur staðið síðan.

Þar sem virðist vera misskilningur um að þetta samkomulag hafi verið gert og að bæjarráð hafi þurft að taka sérstaka ákvörðun um slíkt þá má benda á að fyrrum bæjarráðsmaður Umbótar sem er núverandi bæjarráðsmaður Sjálfstæðisflokksins lagði sérstaka áherslu á þessa ákvörðun í bókun hennar undir máli um hagræðingu innan stjórnsýslu Reykjanesbæjar á 1522. fundi bæjarráðs þann 3. júlí 2025 en þar segir: "Kjörnir fulltrúar hafa ekki hækkað laun sín frá 2023 og hafa ekki fengið lögbundna hækkun þingfararkaups fyrir 2024 og 2025, en hafa þannig lagt sitt af mörkum til að bæta reksturinn."

Mikilvægt er að taka fram að launahækkun er ekki óhjákvæmileg afleiðing þess að þingfararkaup hækkar. Það getur einnig verið pólitísk ákvörðun að láta slíka breytingu ekki ganga yfir á laun kjörinna fulltrúa þrátt fyrir að nú sé öðru haldið fram. Skýr skilaboð voru gefin launadeild þegar ákvörðunin var tekin og af þeim sökum voru laun kjörinna fulltrúa ekki hækkuð í samræmi við þingfararkaup 1. júlí árin 2024 og 2025. Ekki þurfti að taka nýja ákvörðun um það, enda stóð fyrri ákvörðun samþykkt af bæjarráði. Það hefði því verið eðlilegra að leggja fram tillögu um afléttingu frystingar fyrir bæjarráð til afgreiðslu.

Þrátt fyrir að hafa lagt niður menningar- og þjónusturáð, stjórn eignasjóðs, lýðheilsuráð og sjálfbærnisráð býður nýr meirihluti upp á hækkun á launum kjörinna fulltrúa upp á um 15

milljónir króna. Föst laun og nefndalaun hækka um 21% sem er langt umfram launaþróun á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Föst mánaðarlaun formanns bæjarráðs og greiðslur til hans eingöngu vegna bæjarráðsfunda hækka hins vegar um 65% eða um 460 þúsund á mánuði eða um rúmar 5,5 milljónir á ári. Þetta er í algeru ósamræmi við það að ætla að fara betur með almannafé. Í fyrsta skipti í sögu Reykjanesbæjar er búið að gera starf formanns bæjarráðs að fullu starfi.

Það að finna svigrúm innan fjárheimilda sveitarfélagsins þýðir ekki að eyða þurfi öllu fjármagni sem til er og allra síst að nýta það til eigin launahækkana. Ábyrg fjármálastjórn felst í því að forgangsraða, sýna hófsemi og nýta fjármuni þar sem þörfin er mest. Þegar hægt er að velja á milli verulegrar hækkunar eigin launa, að skila jákvæðu og sterku ársuppgjöri bæjarsjóðs eða nýta fjármunina í brýn verkefni með hag íbúa að leiðarljósi teljum við að eigin kjör eigi alltaf að mæta afgangi.

Nýr meirihluti hefur verið duglegur að slá um sig með 10 milljóna króna „hagræðingu“ með því að leggja niður fjórar nefndir og stofna eina nýja. Með þessari ákvörðun um hækkun eigin launa um 15 milljónir er strax kominn 5 milljóna halli og þá er ekki meðtalinn allur sá kostnaður sem búið er að verja í að stækka skrifstofu bæjarstjóra. Ekkert getur breytt því einfalda reikningsdæmi.“

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir Framsókn og Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu.

Bókun meirihluta bæjarráðs:

„Það hefði farið betur á því að minnihlutinn hefði haft sambærilegar áhyggjur af launakostnaði kjörinna fulltrúa á síðasta kjörtímabili, vegna greiðslna einstaka kjörinna fulltrúa og umfangs nefndarlauna. Þá hefði jafnframt verið rétt að ganga frá nauðsynlegum breytingum á reglum um launagreiðslur til kjörinna fulltrúa, hafi ætlunin verið að þær ákvarðanir sem þá voru teknar skyldu gilda til framtíðar.“

Gunnlaugur Kárasón Miðflokk, Kristján Pétur Kristjánsson og Alexander Ragnarsson Sjálfstæðisflokk.

4. Lóðaframboð fyrir leiguhúsnæði (2026060438)

Svör við fyrirspurn sem minnihluti bæjarráðs lagði fram á fundi bæjarráðs 23. júlí 2026:

1. Í kosningabaráttunni boðaði meirihlutinn að fólk sem býr í félagslegu húsnæði fengi tækifæri til að kaupa íbúðir sínar. Hvernig hyggt meirihlutinn útfæra það og hvenær mega íbúar eiga von á tillögum þar að lútandi?

Þetta er eitt af þeim málum sem kveðið er á um í málefнасáttmála meirihlutans og fellur vel að þeirri stefnu okkar að fleiri íbúar fái tækifæri til að eignast eigið heimili. Nú þegar fólk fer að skila sér úr sumarleyfum mun hefjast vinna við að skoða hvernig best sé að útfæra fjölbreyttar leiðir til að hjálpa fólki að eignast sitt eigið heimili á skynsaman og ábyrgan hátt.

2. Hyggt meirihlutinn auglýsa sérstaklega lóðir fyrir óhagnaðardrífni leigufélög eða verða þau í samkeppni við almenna verktaka um allar lóðir?

Engin ákvörðun hefur verið tekin um það að svo stöddu.

3. Hefur meirihlutinn sett sér markmið um fjölgun félagslegra íbúða á kjörtímabilinu?

Meirihlutinn er ekki með það að markmiði að fjölga félagslegum íbúðum. Meirihlutinn ítrekar að hann hyggst stórauka lóðaframboð í Reykjanesbæ og við skipulag og úthlutun nýrra lóða verður tekið mið af þörfum félagslegs húsnæðis samhliða annarri uppbyggingu. Með auknu lóðaframboði og afnámi innviðagjalda, þegar að því kemur, vill meirihlutinn stuðla að hagkvæmari húsnæðisuppbyggingu og auðvelda fólki úr öllum stéttum að eignast eigið heimili.

Við þá vinnu verður haft náið samráð við hagaðila til að tryggja sem bestar lausnir. Undirbúningur er þegar hafinn og meirihlutinn hlakkar til að kynna nýjar lóðir og uppbyggingartækifæri á kjörtímabilinu.

4. Er gert ráð fyrir sérstökum lóðum eða verkefnum fyrir íbúðir fatlaðs fólks eða er aðeins verið að vísa til almennrar uppbyggingar?

Meirihlutinn leggur áherslu á öfluga velferðarþjónustu og að styðja við sjálfstæða búsetu. Við skipulag og uppbyggingu verður tekið mið af þörfum fatlaðs fólks, líkt og annarra íbúa sveitarfélagsins.

Samkvæmt upplýsingum frá velferðarsviðinu kemur eftirfarandi fram:

„Reykjanesbær og Brynja leigufélag gerðu með sér viljayfirlýsingu um uppbyggingu á íbúðum fyrir öryrkja í Reykjanesbæ 2022–2026 og var viljayfirlýsingin undirrituð 10. janúar 2023.

Í viljayfirlýsingunni er lögð áhersla á félagslega blöndun og Brynja leigufélag horfir til þess að ríflega tvöfalda eignasafn sitt í Reykjanesbæ, að því gefnu að ríkið og sveitarfélag séu tilbúin að styðja við þá uppbyggingu með stofnframlögum.

Lögð er áhersla á:

- Stakar íbúðir í stærri fjölbýlishúsum
- Minni fjölbýli með góðu aðgengi fyrir fatlaða
- Raðhús (6–8 íbúðir) með góðu aðgengi fyrir fatlaða

Samkomulagið felur í sér að Brynja leigufélag bæti við sig 37 íbúðum á framangreindu tímabili og að íbúðasafn Brynju leigufélags við lok tímabilsins verði samtals 64 íbúðir. Í viljayfirlýsingunni eru eftirfarandi markmið sett fram:

2022: 2 íbúðir í dreifðu eignarhaldi (a+b)

2023: 7 íbúða raðhús fyrir sértæka búsetu við Stapavelli – afhending í júlí 2023 (c)
5 íbúðir í dreifðu eignarhaldi (a+b)

2024: 7 íbúðir í dreifðu eignarhaldi (a+b)

2025: 7 íbúða raðhús fyrir sértæka búsetu (á eftir að útvega lóð) (c)

2026: 7 íbúðir í dreifðu eignarhaldi (a+b)

Breytingar urðu á fyrirhuguðu 7 íbúa raðhúsi fyrir sértæka búsetu sem stefnt var að 2025. Fyrirhugað var að það sértæka búsetuúrræði yrði byggt á Ásbrú sem varð ekki úr og var Brynju leigufélagi í staðinn úthlutað raðhúsaloð í Álfadal í Njarðvík. Skv. viljayfirlýsingunni skal stefnt að því að endurnýja hana fyrir 31. ágúst 2026.

Skv. upplýsingum frá skipulagsfulltrúa Gunnari Kr. Ottóssyni eru önnur óhagnaðardrifin íbúðarfélög/leigufélög ekki með umsóknir um lóðir hjá sveitarfélaginu.“

5. Ef félagslegar íbúðir verða seldar til núverandi leigjenda, hvernig hyggst meirihlutinn tryggja að framboð félagslegs húsnæðis dragist ekki saman og að þeir sem eru á biðlista sitji ekki eftir?

Það er eitt af þeim atriðum sem verður skoðað samhliða vinnu við útfærslu á möguleikanum á að gera íbúum félagslegs húsnæðis kleift að eignast eigið heimili. Markmiðið er að skapa fólki aukin tækifæri til eignamyndunar en sinna á sama tíma lögbundnum skyldum sveitarfélagsins.

Í þeirri vinnu verður meðal annars skoðað hversu margar félagslegar íbúðir eru í Reykjanesbæ í samanburði við sambærileg sveitarfélög.

6. Hver er staðan á biðlista eftir félagslegu húsnæði í Reykjanesbæ fyrir eldri borgara annars vegar og aðra hópa hins vegar?

Eftirfarandi kemur fram í upplýsingum frá velferðarsviði sem teknar voru saman 5. ágúst 2026:

„Hver er staðan á biðlista eftir félagslegu húsnæði í Reykjanesbæ fyrir eldri borgara?

Fjöldi íbúða til félagslegrar úthlutunar eru: samtals 64.

Fjöldi umsókna: 20 umsóknir liggja fyrir um félagslegt húsnæði fyrir eldri borgara.

Hver er staðan á biðlista eftir félagslegu húsnæði í Reykjanesbæ fyrir aðra hópa?

Fjöldi íbúða til félagslegrar úthlutunar eru: samtals 166.

Fjöldi umsókna: 110 umsóknir liggja fyrir um íbúðir í almennu félagslegu húsnæði.

Biðlisti eftir íbúðum í sérhæfðum búsetukjörnum í Reykjanesbæ

Fjöldi íbúða í sértækum búsetukjörnum fyrir fatlað fólk í þörf fyrir sólarhringsþjónustu eru samtals 17.

Umsóknir um íbúðir í búsetukjörnum fatlaðs fólks eru 19 í dag.

Þarfagreining gerir ráð fyrir að á næstu árum berist um 28 nýjar umsóknir um íbúðir í búsetukjörnum.“

Þessar upplýsingar verða notaðar við frekari stefnumörkun í málaflokknum.

7. Sveitarfélagið ber líka lögbundna ábyrgð á að tryggja framboð félagslegs húsnæðis. Ef íbúðir eru seldar þarf að vera skýr áætlun um hvernig þær verða endurnýjaðar. Hvenær megum við eiga von á slíkri áætlun?

Ekki stendur til að selja allar félagslegar íbúðir bæjarins. Við ítrekum að enn á eftir að útfæra þetta stefnumál með fagfólki bæjarins og hagaðilum.

5. Umsögn vegna rekstrarleyfis - Gráklettur ehf., Hafnargata 16 (2026060437)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um rekstur gististaðar í flokki II-C. Lagðar fram umsagnir byggingarfulltrúa Reykjanesbæjar, Brunavarna Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Bæjarráð samþykkir umsóknina fyrir sitt leyti með vísan til fyrirbyggjandi umsagna.

6. Fundargerð stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 12. ágúst 2026 (2026010317)

Lögð fram til kynningar fundargerð Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

7. Landsfundur um jafnréttismál sveitarfélaga 17. september 2026 (2026050347)

Lagt fram fundarboð um landsfund um jafnréttismál sveitarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:51



Fundargerð

1576. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910 - Seltjörn,
27. ágúst 2026, kl. 08:00

Viðstaddir: Gunnlaugur Kárasón formaður, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Kristján Pétur Kristjánsson og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Vilhjálmur Árnason bæjarstjóri og Hrefna Gunnarsdóttir ritari.

Bæjarráð samþykkir 5-0 að taka á dagskrá **Innviðagjöld - breyting á gjaldskrá (2024010545)**. Fjallað er um málið undir dagskrárlið 13.

* * *

1. Tilfærsla fjárheimilda vegna íþrótt- og tómstundamála (2025060320)

Lagt fram minnisblað frá umbóta- og hagræðingarteymi Reykjaneshæjar varðandi tímabundna tilfærslu íþrótt- og tómstundamála, málaflokks 06, undir skrifstofu bæjarstjóra. Flutningurinn mun ekki kalla á hærri fjárheimildir þar sem starfandi íþrótt- og tómstundafulltrúi mun halda utan um málaflokkinn án þess að vera gerður að sviðsstjóra yfir málaflokknum.

Bókun minnihluta bæjarráðs:

„Áður hafa bæjarfulltrúar Samfylkingar og Framsóknar flaggað alvaldi bæjarstjóra Reykjaneshæjar þar sem ákvarðanir eru teknar á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins í ráðhúsi Reykjaneshæjar.

Aldrei áður hefur samstarf milli meiri- og minnihluta í bæjarstjórn Reykjaneshæjar einkennst af eins slökum vinnubrögðum og vanvirðingu fyrir embætti bæjarráðs og bæjarstjórnar. Allar fyrri ákvarðanir um stefnu sveitarfélagsins, stefnumótun, tillögur að breytingu á fjármunum eða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, hafa verið unnar á sameiginlegum fundum með fullri meðvitund allra kjörinna fulltrúa.

Í bæjarmálasamþykkt Reykjaneshæjar er kveðið á um hvernig sveitarfélaginu ber að starfa en auk þess eiga við lög og reglugerðir um opinbera stjórnsýslu. Þessi samþykkt er virt að vettugi hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjaneshæ þar sem enn og aftur eru teknar ákvarðanir í reykfylltu bakherbergi sparnaðarteymis bæjarstjóra.

Í þessu tiltekna máli er ekki tekist á um málið sjálft, þ.e. hvar í skipuriti íþrótt- og tómstundamál eiga heima. Það alvarlega í málinu er að bæjarstjóri sendir út tölvupóst til alls starfsfólks Reykjaneshæjar, um 1.000 manns, áður en ákvörðunin eða hugmyndin er tekin til umræðu í bæjarráði. Ákvörðunin var einnig kynnt í íþrótt-, tómstunda- og menningarráði sveitarfélagsins áður en bæjarráð fékk að sjá málið.

Hér er um algjöra stefnubreytingu að ræða og fullkomna vanvirðingu fyrir bæjarráði sveitarfélagsins.

Að okkar mati virðist framkvæmdin við þessar breytingar vera á mörkum þess að teljast lögleg þar sem bæjarstjóri hefur heimildir til að sinna daglegum rekstri sveitarfélagsins. Bæjarráð, samkvæmt bæjarmálasamþykkt fer með framkvæmdastjórn og umsjón með stjórnslu Reykjanesbæjar og svo er það bæjarstjórn sem fer með fullnaðarvald. Þetta ákvæði er ekki virt og er það verulegt áhyggjuefni. Er bæjarráð og bæjarstjórn Reykjanesbæjar að stýra þessu sveitarfélagi eða sparnaðarteymi bæjarstjóra?“

Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu og Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir Framsókn.

Bókun meirihluta bæjarráðs:

„Meirihluti bæjarráðs telur breytinguna tímabæra og mikilvægt skref í að styrkja stöðu íþrótt- og tómstundamála innan stjórnslu Reykjanesbæjar. Lengi hefur verið kallað eftir skýrari stöðu málaflokksins og beinni aðkomu hans að yfirstjórn sveitarfélagsins. Með breytingunni eru boðleiðir styttrar, ábyrgð skýrð og aukin áhersla lögð á málaflokkinn. Rétt er að ráðast í breytinguna nú þegar vinna við fjárhagsáætlun næsta árs er að hefjast og mikilvægar ákvarðanir um forgangs röðun og framtíðarskipan starfseminnar eru fram undan. Samhliða því er framkvæmdastjórn sveitarfélagsins styrkt með aðkomu íþrótt- og tómstundafulltrúa og mannauðsstjóra, sem endurspeglar aukna áherslu á þessa málaflokk í stjórnun og umbótavinnu sveitarfélagsins. Áréttu skal að stjórnskipulagsbreytingin sjálf fellur undir stjórnunarheimild bæjarstjóra.“

Gunnlaugur Kárason Miðflokkur og Margrét Þórarinsdóttir og Kristján Pétur Kristjánsson Sjálfstæðisflokkur.

Bæjarráð samþykkir 3-2 tilfærslu fjárheimilda. Minnihluti bæjarráðs, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir Framsókn og Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu greiða atkvæði á móti.

2. Verklag um skipan og hlutverk ráðningarnefndar (2026080270)

Kristín Þórdís Þorgilsdóttir mannauðsstjóri situr fundinn undir þessum dagskrálið.

Lagt er til að skipuð verði þriggja manna ráðningarnefnd. Fjármálastjóri og mannauðsstjóri eiga fast sæti í nefndinni, þriðji aðili er sviðsstjóri þess sviðs sem ráðningarbeiðnin tilheyrir.

Bæjarráð samþykkir 5-0.

3. Brekkubyggð (Suðurbrekka), Ásbrú - viljayfirlýsing (2025020233)

Lögð fram drög að viljayfirlýsingu um samstarf Kadeco og Reykjanesbæjar við undirbúning uppbyggingar sérbylis á Ásbrú.

Bókun minnihluta bæjarráðs:

„Við fögnum því að verið sé að vinna áfram að áður gerðu skipulagi sem gerir ráð fyrir að reist verði 43 einbýli á næstu fjórum árum á þessum fallega reit í Ásbrúarhverfi. Verkefnið er í fullu samræmi við samþykktu húsnæðisáætlun Reykjanesbæjar.“

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir Framsókn og Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu.

Bæjarráð samþykkir 5-0. Bæjarráð felur Vilhjálmí Árnasyni bæjarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna.

4. Kosningar í nefndir/stjórnir sbr. 58. gr. samþykktar um stjórn Reykjanesbæjar (2026060015)

HS Veitur:

Rúnar Fossádal Árnason (M) fer út sem varamaður, Sigrún Þorsteinsdóttir (M) kemur inn sem varamaður.

Bæjarráð samþykkir 5-0.

5. Öruggeri Suðurnes - tilnefning fulltrúa (2023070081)

Óskað er eftir tilnefningu fulltrúa frá Reykjanesbæ í samstarfið Öruggeri Suðurnes.

Tilnefnd eru Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður Fjörheima og 88 hússins og Hilma H. Sigurðardóttir teymisstjóri ráðgjafar- og virkniþéttis.

Bæjarráð samþykkir 5-0.

6. Bar 8 ehf. - umsókn um tækifærisleyfi (2026080065)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

7. Blue car rental ehf. - umsókn um tækifærisleyfi (2026080069)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

8. Sæunn Alda Öldudóttir - umsókn um tækifærisleyfi (2026080200)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

9. Sigurður Örn G. Sigurðarson - umsókn um tækifærisleyfi (2026080201)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti en bendir á að umsækjandi skal hafa samráð við sveitarfélagið við uppsetningu og afmörkun svæðisins.

10. BRONS 230 ehf. - umsókn um tækifærisleyfi (2026080291)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

11. Körfuknattleiksdeild Keflavíkur - umsókn um tækifærisleyfi (2026080251)

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

12. Fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja 18. ágúst 2026 (2026020138)

Lögð fram til kynningar fundargerð heilbrigðisnefndar Suðurnesja.

13. Innviðagjöld - breyting á gjaldskrá (2024010545)

Tekið fyrir fyrsta mál frá fundargerð skipulagsráðs Reykjanesbæjar frá 21. ágúst 2026.

Bókun minnihluta bæjarráðs:

„Fulltrúar Framsóknar og Samfylkingar taka undir bókun minnihluta í skipulagsráði og vilja leggja hana fram undir málinu. Hún er eftirfarandi:

Nú stendur meirihluti Sjálfstæðisflokks og Miðflokks fyrir því að fella innviðagjöld úr gildi. Við viljum af þessu tilefni minna á hvert markmið innviðagjaldanna er og hvers vegna þau voru tekin upp.

Markmið samþykktarinnar er að uppbygging sveitarfélagsins verði í samræmi við áherslur, stefnu og markmið gildandi aðalskipulags Reykjanesbæjar. Að land og innviðir verði nýttir sem best og að horft verði til lausna sem styðja við sjálfbærniáherslur sem sveitarfélagið hefur sett sér hverju sinni.

Með öðrum orðum er markmiðið að tryggja að þegar ný svæði eru tekin til uppbyggingar fylgi nauðsynlegir innviðir þeirri uppbyggingu og að kostnaður vegna þeirra sé ekki eingöngu lagður á sveitarfélagið og þar með skattgreiðendur.

Við fögnum því að sjálfsögðu ef staða bæjarsjóðs er svo sterk að sveitarfélagið telji sig ekki þurfa að innheimta innviðagjöld. Hins vegar hlýtur að þurfa að liggja skýrt fyrir hvernig fjármögnun þeirra innviða sem fylgja nýrri uppbyggingu verður háttáð þegar gjöldin hafa verið felld úr gildi.

Það er mikilvægt að ákvörðun um að afnema innviðagjöld verði ekki til þess að uppbygging nýrra svæða verði fjármögnuð á kostnað annarra íbúa sveitarfélagsins eða bitni á nauðsynlegri uppbyggingu innviða.

Við vonum því sannarlega að sveitarfélagið hafi tryggt fjármögnun þeirra innviða sem þurfa að fylgja þeirri miklu uppbyggingu sem fram undan er í Reykjanesbæ.“

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir Framsókn og Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu.

Bókun meirihluta bæjarráðs:

„Meirihlutinn fagnar ákvörðun meirihluta skipulagsráðs og tekur undir bókun meirihlutans sem er eftirfarandi:

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Miðflokks leggur til að gjaldskrá samkvæmt 3. gr. samþykktar um innviðagjald verði breytt þannig að byggingarréttargjald verði 0 kr./m² í öllum flokkum; íbúðabyggð, iðnaðarbyggð, verslun og þjónustu og á athafnasvæðum.

Byggingarréttargjöld sveitarfélagsins ná til uppbyggingar á landi í eigu sveitarfélagsins og væntir meirihlutinn þess að aðrir landeigendur í Reykjanesbæ fylgi fordæmi sveitarfélagsins.

Með þessari ákvörðun tekur Reykjanesbær stórt og mikilvægt skref í þá átt að lækka álögur á uppbyggingu, ryðja úr vegi hindrunum og skapa skýrari hvata til fjárfestingar og framkvæmda í sveitarfélaginu. Ákvörðunin endurspeglar jafnframt skýra séreignarstefnu

meirihlutans. Við viljum að sem flestir hafi raunhæft tækifæri til þess að eignast eigið heimili og byggja upp eign fyrir sig og fjölskyldu sína.

Þessi lækkun byggingarréttargjalda niður í 0 krónur er ein umfangsmesta skattalækkun vegna uppbyggingar á sveitarstjórnarstiginu síðustu árin.

Á undanförnum árum hefur gjaldtaka vegna uppbyggingar aukist víða og gatnagerðar- og byggingarréttargjöld orðið sífellt stærri kostnaðarliður við nýbyggingar. Það skýtur skökku við í ljósi allrar umræðunnar um mikilvægi þess að tryggja nægt framboð af hagkvæmu húsnæði. Við getum ekki gert húsnæði hagkvæmara með því að gera það dýrara að byggja það.

Byggingarréttargjald vegna íbúðarhúsnæðis hefur numið 35.000 krónum á hvern fermetra í Reykjanesbæ síðan samþykkt um innviðagjöld tók gildi 4. júní 2024. Fyrir 150 fermetra íbúðarhúsnæði nemur gjaldið því 5.250.000 krónum. Með breytingunni fellur sá kostnaður niður.

Sífelld aukin gjaldtaka hins opinbera á húsnæðisuppbyggingu um land allt hefur átt stóran þátt í að hækka byggingarkostnað og þar með fasteignaverð. Hækkandi fasteignaverð hefur síðan ýtt undir verðbólgu, sem aftur hefur kallað á hærri vexti og gert bæði uppbyggingu og húsnæðis kaup enn dýrari. Þannig hefur myndast vítahringur sem bitnar fyrst og fremst á heimilum landsins.

Reykjanesbær ætlar að gera það sem í hans valdi stendur til að rjúfa þennan vítahring og sýna gott fordæmi með því að lækka álögur verulega á uppbyggingu í stað þess að hækka þær.

Ákvörðunin skapar jafnframt ný tækifæri til atvinnuuppbyggingar. Byggingarréttargjöld vegna iðnaðarbyggðar, verslunar og þjónustu og athafnasvæða lækka úr 6.000 krónum á fermetra í 0 krónur. Lægri álögur styrkja samkeppnisstöðu Reykjanesbæjar þegar kemur að því að laða að ný fyrirtæki og skapa fyrirtækjum í örum vexti betri skilyrði til að byggja hér upp. Með lækkuninni fækkum við aðgangshindrunum og leggjum grunn að fjölgun starfa, fjölbreyttari atvinnutækifærum og aukinni verðmætasköpun í sveitarfélaginu.

Sanngjörn samkeppni

Ekki má líta fram hjá því hvernig þessi skattalækkun gjörbreytir leiknum fyrir minni uppbyggingaraðila og fjölskyldur. Þegar milljónir króna þarf að greiða áður en framkvæmdir eru komnar almennilega af stað eykst fjármagnspörf verkefna og aðgangur að uppbyggingu verður erfiðari. Stór fyrirtæki með sterka fjárhagslega bakhjarla eiga auðveldara með að mæta slíkum kostnaði en minni aðilar.

Við viljum ekki samfélag þar sem aðeins stærstu verktakarnir hafa bolmagn til að taka þátt í nýrri uppbyggingu. Við viljum að minni verktakar geti byggt, að iðnaðarmenn geti ráðist í eigin verkefni, að fjölskyldur geti byggt sér hús og að fleiri geti tekið þátt í verðmætasköpun innan sveitarfélagsins.

Afnám byggingarréttargjaldsins er því einnig aðgerð til að fækka aðgangshindrunum og búa til sanngjarnt samkeppnisumhverfi.

Innviðir eru sameiginlegt verkefni samfélagsins

Því hefur verið haldið fram að byggingarréttargjöld við nýbyggingar séu nauðsynleg til að standa undir uppbyggingu innviða. Meirihlutinn telur eðlilegt að þeirri röksemd sé svarað.

Reykjanesbær hefur vaxið ört á undanförunum árum og því hefur verið haldið fram að byggingarréttargjöld séu nauðsynleg til að mæta kostnaði sem fylgir slíkum vexti. Meirihlutinn tekur undir að vöxtur sveitarfélagsins hafi verið óhóflega hraður, en þar hefur sú uppbyggingarstefna sem rekin hefur verið undanfarin ár, með mikilli áherslu á fjölbýlishús, haft veruleg áhrif. Sérbýlisstefna meirihlutans, með aukinni áherslu á einbýlishús, parhús, raðhús og tvíbýli, mun stuðla að hóflegri og sjálfbærari vexti Reykjanesbæjar til framtíðar.

Reykjanesbær, líkt og önnur sveitarfélög, hefur þegar fjölmarga tekjustofna sem standa undir lögbundinni þjónustu og uppbyggingu sveitarfélagsins. Þar má meðal annars nefna útsvar, fasteignaskatta, lóðarleigu, gatnagerðargjöld og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Innviðir sveitarfélags eru sameiginleg verðmæti. Skólar, leikskólar, götur, íþróttamannvirki og önnur þjónusta nýtast samfélaginu í heild og til langs tíma.

Meirihlutinn telur ekki sanngjarnt að kostnaður við almenna innviði sveitarfélagsins sé færður sérstaklega yfir á þá sem eru að byggja ný heimili eða atvinnuhúsnæði.

Slík gjaldtaka getur orðið sjálfstæð hindrun gegn þeirri uppbyggingu sem sveitarfélagið þarf á að halda og þeirri verðmætasköpun og framtíðartekjum sem nýjum íbúum og fyrirtækjum fylgja.

Meirihlutinn telur að sveitarfélög eigi frekar að skapa skilyrði fyrir uppbyggingu heldur en að líta á hana sem sérstakan skattstofn. Sveitarfélag sem vill vaxa með heilbrigðum hætti þarf því að hugsa lengra en til þeirra tekna sem hægt er að innheimta við úthlutun lóðar.

Það mun alltaf reynast hinu opinbera auðvelt að finna ný verkefni sem kalla á aukin útgjöld og nýjar leiðir til gjaldtöku. Erfiðara er að taka meðvitaða ákvörðun um að forgangsraða, gæta aðhalds og láta almenning og atvinnulíf halda eftir stærri hluta þeirra verðmæta sem þau skapa.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Miðflokks velur síðari leiðina.

Rétti tíminn til að stíga skrefið

Ákvörðunin er tekin að vel ígrunduðu máli. Ekki er gert ráð fyrir tekjum af byggingarréttargjöldum á yfirstandandi ári og hefur breytingin því ekki áhrif á fyrirliggjandi rekstraráætlun sveitarfélagsins vegna ársins.

Þessi breyting stendur ekki ein og sér. Hún er hluti af stærri stefnu meirihlutans um að gera Reykjanesbæ að eftirsóknarverðasta sveitarfélagi landsins til uppbyggingar.

Sú stefna byggist á því að nægt framboð sé af lóðum, að skipulag sé skýrt, stjórnsýslan sé skilvirk, álögur hóflegar og að einstaklingar og fyrirtæki viti að þeim sé tekið fagnandi þegar þeir vilja skapa verðmæti og byggja upp í sveitarfélaginu.

Með þessu skrefi leggjum við grunninn að nýju uppbyggingarskeiði í Reykjanesbæ.“

Gunnlaugur Kárason Miðflokkur og Margrét Þórarinsdóttir og Kristján Pétur Kristjánsson Sjálfstæðisflokkur.

Bæjarráð samþykkir breytingu á gjaldskrá 3-2. Minnihluti bæjarráðs, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir Framsókn og Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu greiða atkvæði á móti.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:33.



Fundargerð

394. fundur skipulagsráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
21. ágúst 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Gunnar Felix Rúnarsson formaður, Aðalgeir Jónsson, Hjörtur Magnús Guðbjartsson, Jón Már Sverrisson og Róbert Jóhann Guðmundsson.

Að auki sátu fundinn Gunnar Kristinn Ottósson skipulagsfulltrúi, Guðlaugur H. Sigurjónsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Hjörtur Magnús Guðbjartsson vék af fundi kl. 09:12.

* * *

1. Innviðagjöld - breyting á gjaldskrá (2024010545)

Sjálfstæðisflokkur og Miðflokkur leggja til að gjaldskrá samkvæmt 3. gr. samþykktu um innviðagjald verði breytt þannig að byggingarréttargjald verði 0 kr./m² í öllum flokkum þ.e.a.s. íbúðabyggð, iðnaðarbyggð, verslun og þjónustu og athafnasvæði. Samhliða þessari breytingu verður einnig unnið að niðurfellingu samþykktar um innviðagjöld.

Skipulagsráð samþykkir tillöguna 3-2. Róbert Jóhann Guðmundsson og Hjörtur Magnús Guðbjartsson greiða atkvæði á móti. Ráðið vísar breytingu gjaldskrár til frekari umræðu í bæjarráði.

Minnihluti skipulagsráðs lagði fram eftirfarandi bókun:

„Nú stendur meirihluti Sjálfstæðisflokks og Miðflokks fyrir því að fella innviðagjöld úr gildi. Við viljum af þessu tilefni minna á hvert markmið innviðagjaldanna er og hvers vegna þau voru tekin upp.

Markmið samþykktarinnar er að uppbygging sveitarfélagsins verði í samræmi við áherslur, stefnu og markmið gildandi aðalskipulags Reykjaneshæjar. Að land og innviðir verði nýttir sem best og að horft verði til lausna sem styðja við sjálfbærniáherslur sem sveitarfélagið hefur sett sér hverju sinni.“

Með öðrum orðum er markmiðið að tryggja að þegar ný svæði eru tekin til uppbyggingar fylgi nauðsynlegir innviðir þeirri uppbyggingu og að kostnaður vegna þeirra sé ekki eingöngu lagður á sveitarfélagið og þar með skattgreiðendur.

Við fögnum því að sjálfsögðu ef staða bæjarsjóðs er svo sterk að sveitarfélagið telji sig ekki þurfa að innheimta innviðagjöld. Hins vegar hlýtur að þurfa að liggja skýrt fyrir hvernig fjármögnun þeirra innviða sem fylgja nýrri uppbyggingu verður háttáð þegar gjöldin hafa verið felld úr gildi.

Það er mikilvægt að ákvörðun um að afnema innviðagjöld verði ekki til þess að uppbygging nýrra svæða verði fjármögnuð á kostnað annarra íbúa sveitarfélagsins eða bitni á nauðsynlegri uppbyggingu innviða.

Við vonum því sannarlega að sveitarfélagið hafi tryggt fjármögnun þeirra innviða sem þurfa að fylgja þeirri miklu uppbyggingu sem fram undan er í Reykjanesbæ.“

Róbert Jóhann Guðmundsson (B) og Hjörtur Magnús Guðbjartsson (S).

Meirihluti skipulagsráðs lagði fram eftirfarandi bókun:

„Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Miðflokks leggur til að gjaldskrá samkvæmt 3. gr. samþykktar um innviðagjald verði breytt þannig að byggingarréttargjald verði 0 kr./m² í öllum flokkum; íbúðabyggð, iðnaðarbyggð, verslun og þjónustu og á athafnasvæðum.

Byggingarréttargjöld sveitarfélagsins ná til uppbyggingar á landi í eigu sveitarfélagsins og væntir meirihlutinn þess að aðrir landeigendur í Reykjanesbæ fylgi fordæmi sveitarfélagsins.

Með þessari ákvörðun tekur Reykjanesbær stórt og mikilvægt skref í þá átt að lækka álögur á uppbyggingu, ryðja úr vegi hindrunum og skapa skýrari hvata til fjárfestingar og framkvæmda í sveitarfélaginu. Ákvörðunin endurspeglar jafnframt skýra séreignarstefnu meirihlutans. Við viljum að sem flestir hafi raunhæft tækifæri til þess að eignast eigið heimili og byggja upp eign fyrir sig og fjölskyldu sína.

Þessi lækkun byggingarréttargjalda niður í 0 krónur er ein umfangsmesta skattalækkun vegna uppbyggingar á sveitarstjórnarstiginu síðustu árin.

Á undanförunum árum hefur gjaldtaka vegna uppbyggingar aukist víða og gatnagerðar- og byggingarréttargjöld orðið sífellt stærri kostnaðarliður við nýbyggingar. Það skýtur skökku við í ljósi allrar umræðunnar um mikilvægi þess að tryggja nægt framboð af hagkvæmu húsnæði. Við getum ekki gert húsnæði hagkvæmara með því að gera það dýrara að byggja það.

Byggingarréttargjald vegna íbúðarhúsnæðis hefur numið 35.000 krónum á hvern fermetra í Reykjanesbæ síðan að samþykkt um innviðagjöld tók gildi 4. júní 2024. Fyrir 150 fermetra íbúðarhúsnæði nemur gjaldið því 5.250.000 krónum. Með breytingunni fellur sá kostnaður niður.

Sífelld aukin gjaldtaka hins opinbera á húsnæðisuppbyggingu um land allt hefur átt stóran þátt í að hækka byggingarkostnað og þar með fasteignaverð. Hækkandi fasteignaverð hefur síðan ýtt undir verðbólgu, sem aftur hefur kallað á hærri vexti og gert bæði uppbyggingu og húsnæðis kaup enn dýrari. Þannig hefur myndast vítahringur sem bitnar fyrst og fremst á heimilum landsins.

Reykjanesbær ætlar að gera það sem í hans valdi stendur til að rjúfa þennan vítahring og sýna gott fordæmi með því að lækka álögur verulega á uppbyggingu í stað þess að hækka þær.

Ákvörðunin skapar jafnframt ný tækifæri til atvinnuuppbyggingar. Byggingarréttargjöld vegna iðnaðarbyggðar, verslunar og þjónustu og athafnasvæða lækka úr 6.000 krónum á fermetra í 0 krónur. Lægri álögur styrkja samkeppnisstöðu Reykjanesbæjar þegar kemur að því að laða að ný fyrirtæki og skapa fyrirtækjum í örum vexti betri skilyrði til að byggja hér

upp. Með lækkuninni fækkum við aðgangshindrunum og leggjum grunn að fjölgun starfa, fjölbreyttari atvinnutækifærum og aukinni verðmætasköpun í sveitarfélaginu.

Sanngjörn samkeppni

Ekki má líta fram hjá því hvernig þessi skattalækkun gjörbreytir leiknum fyrir minni uppbyggingaraðila og fjölskyldur. Þegar milljónir króna þarf að greiða áður en framkvæmdir eru komnar almennilega af stað eykst fjármagnspörf verkefna og aðgangur að uppbyggingu verður erfiðari. Stór fyrirtæki með sterka fjárhagslega bakhjarla eiga auðveldara með að mæta slíkum kostnaði en minni aðilar.

Við viljum ekki samfélag þar sem aðeins stærstu verktakarnir hafa bolmagn til að taka þátt í nýrri uppbyggingu. Við viljum að minni verktakar geti byggt, að iðnaðarmenn geti ráðist í eigin verkefni, að fjölskyldur geti byggt sér hús og að fleiri geti tekið þátt í verðmætasköpun innan sveitarfélagsins.

Afnám byggingarréttargjaldsins er því einnig aðgerð til að fækka aðgangshindrunum og búa til sanngjarnt samkeppnisumhverfi.

Innviðir eru sameiginlegt verkefni samfélagsins

Því hefur verið haldið fram að byggingarréttargjöld við nýbyggingar séu nauðsynleg til að standa undir uppbyggingu innviða. Meirihlutinn telur eðlilegt að þeirri röksemd sé svarað.

Reykjanesbær hefur vaxið ört á undanförunum árum og því hefur verið haldið fram að byggingarréttargjöld séu nauðsynleg til að mæta kostnaði sem fylgir slíkum vexti. Meirihlutinn tekur undir að vöxtur sveitarfélagsins hafi verið óhóflega hraður, en þar hefur sú uppbyggingarstefna sem rekin hefur verið undanfarin ár, með mikilli áherslu á fjölbýlishús, haft veruleg áhrif. Sérbýlisstefna meirihlutans, með aukinni áherslu á einbýlishús, parhús, raðhús og tvíbýli, mun stuðla að hóflegri og sjálfbærari vexti Reykjanesbæjar til framtíðar.

Reykjanesbær, líkt og önnur sveitarfélög, hefur þegar fjölmarga tekjustofna sem standa undir lögbundinni þjónustu og uppbyggingu sveitarfélagsins. Þar má meðal annars nefna útsvar, fasteignaskatta, lóðarleigu, gatnagerðargjöld og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Innviðir sveitarfélags eru sameiginleg verðmæti. Skólar, leikskólar, götur, íþróttamannvirki og önnur þjónusta nýtast samfélaginu í heild og til langs tíma.

Meirihlutinn telur ekki sanngjarnt að kostnaðar við almenna innviði sveitarfélagsins sé færður sérstaklega yfir á þá sem eru að byggja ný heimili eða atvinnuhúsnæði.

Slík gjaldtaka getur orðið sjálfstæð hindrun gegn þeirri uppbyggingu sem sveitarfélagið þarf á að halda og þeirri verðmætasköpun og framtíðartekjum sem nýjum íbúum og fyrirtækjum fylgja.

Meirihlutinn telur að sveitarfélög eigi frekar að skapa skilyrði fyrir uppbyggingu heldur en að líta á hana sem sérstakan skattstofn. Sveitarfélag sem vill vaxa með heilbrigðum hætti þarf því að hugsa lengra en til þeirra tekna sem hægt er að innheimta við úthlutun lóðar.

Það mun alltaf reynast hinu opinbera auðvelt að finna ný verkefni sem kalla á aukin útgjöld og nýjar leiðir til gjaldtöku. Erfiðara er að taka meðvitaða ákvörðun um að forgangsraða,

gæta aðhalds og láta almenning og atvinnulíf halda eftir stærri hluta þeirra verðmæta sem þau skapa.

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Miðflokks velur síðari leiðina.

Rétti tíminn til að stíga skrefið

Ákvörðunin er tekin að vel ígrunduðu máli. Ekki er gert ráð fyrir tekjum af byggingarréttargjöldum á yfirstandandi ári og hefur breytingin því ekki áhrif á fyrirliggjandi rekstraráætlun sveitarfélagsins vegna ársins.

Þessi breyting stendur ekki ein og sér. Hún er hluti af stærri stefnu meirihlutans um að gera Reykjanesbæ að eftirsóknarverðasta sveitarfélagi landsins til uppbyggingar.

Sú stefna byggist á því að nægt framboð sé af lóðum, að skipulag sé skýrt, stjórnsýslan sé skilvirk, álögur hóflegar og að einstaklingar og fyrirtæki viti að þeim sé tekið fagnandi þegar þeir vilja skapa verðmæti og byggja upp í sveitarfélaginu.

Með þessu skrefi leggjum við grunninn að nýju uppbyggingarskeiði í Reykjanesbæ.“

Gunnar Felix Rúnarsson (D), Jón Már Sverrisson (D) og Aðalgeir Jónsson (M).

2. Akadémíureitur (2025010481)

Unnin var þróunaráætlun fyrir Akadémíureit en lagt er til að áætlunin verði tekin til endurskoðunar og rammahluti aðalskipulags verði unninn fyrir reitinn og nærliggjandi svæði sem afmarkist í megindráttum af Njarðarbraut/Hafnargötu, íþróttasvæði við Afreksbraut, Hringbraut beggja vegna götu og að Faxabraut.

Skipulagsráð samþykkir að unnin verði tillaga að rammahluta aðalskipulags fyrir svæðið skv. 4.9. gr. skipulagsreglugerðar og 4. mgr. 28. gr. skipulagslaga. Skipulagsfulltrúi tekur mið af umræðum frá fundinum.

3. Hólagata - breyting á aðalskipulagi M6 (2026060051)

Tilgangur breytingar á aðalskipulagi er að leiðrétta galla í töflu greinargerðar en ekki byggingarmagn fyrir þann fjölda íbúða og verslunar eða þjónustuhúsnæði sem skipulagið gerir ráð fyrir. Lýsing og vinnslutillaga voru auglýstar samhliða. Kynningu er lokið. Engar athugasemdir íbúa bárust.

Samþykkt að vinna tillögu að breytingu aðalskipulags að teknu tilliti til ábendinga HMS.

4. Keflavíkurborgir - deiliskipulag (2026080116)

Óskað er eftir heimild til að vinna deiliskipulag fyrir reit IB35-Keflavíkurborgir. Gert verði ráð fyrir klasa sérbýla.

Skipulagsráð veitir heimild til vinnslu á tillögu að deiliskipulagi fyrir klasa sérbýla á reit IB35-Keflavíkurborgir.

5. Ásahverfi - breyting á deiliskipulagi (2026080123)

Óskað er heimildar til að vinna breytingu á deiliskipulagi Ásahverfis í samvinnu við landeigendur og í sátt við íbúa. Samtímis verði gönguleiðir bættar og umferðaröryggi aukið í nágrenni hverfisins.

Skipulagsráð veitir heimild til vinnslu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ásahverfis. Haldinn verði íbúafundur þegar tillögur liggja fyrir.

6. Lðavellir 14b og Vatnsholt 2 - nýtt deiliskipulag (2025030582)

Engar athugasemdir íbúa bárust en tillagan var kynnt nágrönnum með bréfi. Umsagnir stofnana bárust, sem gerðu engar athugasemdir og er því ekki tilefni til viðbragða sveitarstjórnar.

Skipulagsráð samþykkir að senda deiliskipulagið til Skipulagsstofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

7. Tjaldstæði Njarðvíkurskógum (2026080124)

Óskað er heimildar til að bjóða út uppbyggingu og rekstur tjaldsvæðis við Njarðvíkurskóga á reit AF4 í aðalskipulagi. Reiturinn er 1,8 ha. afþreyingar- og þjónustusvæði ætlað undir tjaldsvæði í næsta nágrenni íprótta- og útvistarsvæðis.

Skipulagsráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti og veitir heimild til þess að vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir tjaldsvæði á reit AF4.

8. Tjaldstæði Höfnum (2026080051)

Sveinn Enok Jóhannsson leggur fram erindi að nýju, en fjallað var um erindið á fundi skipulagsráðs. Lögð er fram ósk um afnot af landi í eigu Reykjanesbæjar undir tjaldstæði fyrir ferðavagna.

Breyting á aðalskipulagi Hafna þarf að vinnast í samráði við íbúa svæðisins, nánari úrvinnslu er vísað til endurskoðunar aðalskipulags.

9. Njarðarvellir 6 - fjölgun íbúða (2026010571)

Nesvellir íbúðir ehf. leggja fram erindi dags. 19. janúar 2026 um heimild til að breyta geymslurými í kjallara í 9 íbúðir. Fjallað var um erindið á 382. fundi skipulagsráðs. Nánari gögnum hefur verið bætt við og lagðar fram þrjár tillögur til lausnar.

Skipulagsráði hugnast best að bílastæðum sé komið fyrir við vesturenda. Óskað er eftir nánari tillögu að þeirri lausn ásamt breytttri aðkomu.

10. Hjallalaut 1 - útisvæði (2026080089)

Magnús Guðmundsson óskar heimildar fyrir viðbyggingu við einbýlishúsið og breytingum á útisvæði lóðar. Viðbyggingin hýsir upphitaða og einangraða saunu og geymslu. Jafnframt er sótt um stækkun núverandi verandar til suðurs, vesturs og austurs, gerð steyptra og léttra skjólveggja á útisvæði og við lóðarmörk, uppsetningu heits og kalds potts og útielðhúss ásamt gerð gervigrasflatar sem leiksvæðis á palli. Einnig er sótt um breytingu á ásynd hússins með því að skipta út glugga í útihurð í geymslu bílskúrs og bæta við gólfsíðum glugga með opnanlegu fagi við hlið hurðar í þvottahúsi sbr. uppdrætti JeES arkitekta dags. 7. apríl 2026.

Skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. gr. skipulagslaga, mgr. 2.

Skipulagsráð heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. gr. skipulagslaga, mgr. 3, hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

11. Fitjabakki 3 og Fitjabraut 32 - sameining lóða (2026080115)

Fagfasteignir ehf. óska heimildar til sameiningar lóðanna Fitjabakka 3 og Fitjabrautar 32 og breytingar á aðkomu og byggingarreit sbr. drög Modulhúsa dags. 4. ágúst 2026.

Skipulagsráð samþykkir ekki breytingu á lóðarmörkum við Fitjabraut 32 en samþykkir að öðru leyti erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. gr. skipulagslaga, mgr. 2. Lóðarhafi vinni endanleg kynningargögn. Breytingin verði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Lóðamörk við Fitjabraut verða endurskoðuð við vinnslu deiliskipulags fyrir hverfið.

12. Skólavegur 26 - breytt aðkoma (2026080097)

Ásdís Rósa Gunnarsdóttir óskar heimildar til að breyta aðkomu að Skólavegi 26 sbr. erindi Mannvirkja og malbiks dags. 12. ágúst 2026.

Skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. gr. skipulagslaga, mgr. 2. Breytingin verði sveitarfélaginu að kostnaðarlausu.

Skipulagsráð heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. grein skipulagslaga, mgr. 3, hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

13. Garðavegur 7 - bílskúr (2026070241)

Davíð Þór Björnsson óskar heimildar til að reisa bílskúr á lóðinni Garðvegur 7 sbr. uppdrætti STH. teiknistofunnar ehf. dags. 20. maí 2026.

Skipulagsráð samþykkir erindið með fyrirvara um grenndarkynningu án athugasemda skv. 44. gr. skipulagslaga, mgr. 2.

Skipulagsráð heimilar að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, skv. 44. gr. skipulagslaga, mgr. 3, hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfisskyldu framkvæmd.

14. Trönudalur og Aspardalur - lóðaúthlutun (2026080117)

Óskað er heimildar til úthlutunar lóða við Trönudal og Aspardal. Um er að ræða 10 lóðir fyrir einbýli og tvær lóðir fyrir parhús. Einstaklingar skulu njóta forgangs við úthlutun í samræmi við reglur um lóðaveitingar í Reykjanesbæ.

Skipulagsráð veitir heimild til úthlutunar lóðanna við Trönudal og Aspardal samkvæmt reglum um lóðaveitingar í Reykjanesbæ.

15. Njarðarvellir 2 og Krossmói 10 - uppskipting á lóð (2026080156)

Óskað er eftir uppskiptingu lóðar sbr. drög að lóðablaði VSS dags. 13. ágúst 2026.

Erindi frestað.

16. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga - endurskoðun (2026070062)

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga þar sem fyrsta skrefið er gerð grænbókar um málefnið. Í grænbók birtist stöðumat á helstu lögbundnu verkefnum og öðrum viðfangsefnum sveitarfélaga og greiningu áskorana og tækifæra, sem lagt verður til grundvallar endurskoðunar stefnu og

aðgerðaáætlunar í málaflokknum. Óskað er eftir því að sveitarfélögin svari meðfylgjandi spurningum fyrir 21. september nk.

Skipulagsráð felur skipulagsfulltrúa og sviðsstjóra að fylgja málinu eftir.

17. Samgöngur og skipulag - bréf frá Vegagerðinni (2026080047)

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga vill Vegagerðin minna á mikilvægi samráðs í tengslum við endurskoðun aðalskipulags og aðra skipulagsvinnu sem og lagalegar skyldur þar að lútandi.

Lagt fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:55.



Fundargerð

310. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11, fimmtudaginn 20. ágúst 2026, kl. 15:00

Viðstaddir: Alexander Ragnarsson formaður, Rúnar Fossádal Árnason, Tryggvi Þór Bragason, Sigurður Guðjónsson og Magnús Einþór Áskelsson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, sem ritaði fundargerð.

* * *

1. Fjárhagsáætlun ársins 2026 (2026070036)

Farið yfir stöðuna á vinnslu fjárhagsáætlunar atvinnu- og hafnarsviðs fyrir árið 2026.

2. Njarðvíkurhöfn - brimvarnargarður (2023080391)

Lagðar fram verkfundargerðir 12., 13. og 14. fundar frá 3. og 16. júlí og 12. ágúst 2026 ásamt verkstöðuyfirlitum.

3. Njarðvíkurhöfn - skipulag (2025110300)

Farið yfir stöðuna á vinnslu aðal- og deiliskipulags í og upp af Njarðvíkurhöfn.

4. Sjávargata 38 – stækkun lóðar (2026070194)

Skipulagsráð Reykjaneshafnar hefur samþykkt að senda í grenndarkynningu ósk eiganda fasteignarinnar Sjávargötu 38 um breytingu á húsnæði og stækkun lóðar, en Reykjaneshöfn er landeigandi á svæðinu.

Reykjaneshöfn er að ljúka vinnu við deiliskipulag yfir svæðið upp af Njarðvíkurhöfn og óskir eigenda Sjávargötu 38 um lóðarstækkun falla ekki að því deiliskipulagi. Atvinnu- og hafnarráð hafnar því framkominni ósk en bendir jafnframt á að möguleiki er á minni stækkun lóðarinnar þannig að hún falli að nýju deiliskipulagi.

5. Helguvíkurhöfn - Suðurbakki (2024040273)

Farið yfir stöðuna á hönnun útboðsgagna vegna uppbyggingar á nýrri hafnaraðstöðu og eldsneytisbirgðastöð á hafnarsvæði Helguvíkurhafnar.

6. Starfsmannamál Reykjaneshafnar (2025050171)

Á 304. fundi atvinnu- og hafnarráðs sem fram fór 22. janúar sl. var samþykkt að taka upp nýtt vinnufyrirkomulag hjá Reykjaneshöfn til reynslu, en aukið álag á starfsmönnum hafnarinnar með aukinni hafnarstarfsemi hefur kallað á endurskoðun á eldra fyrirkomulagi. Nýtt vinnufyrirkomulag kallar á að almennir starfsmenn hafnarinnar verði fjórir í stað þriggja

og var því jafnframt samþykkt að ráða inn nýjan starfsmann tímabundið með möguleika á áframhaldandi ráðningu. Unnið hefur verið eftir nýju fyrirkomulagi síðustu mánuði og er það mat starfsmanna sem og hafnarinnar að það sé til mikilla bóta, hvort sem það snýr að vinnuaðstæðum starfsmanna eða þjónustugetu hafnarinnar.

Atvinnu- og hafnarráð er sammála því mati að nýtt fyrirkomulag sé til bóta og samþykkir að það vinnufyrirkomulag verði til framtíðar. Jafnframt samþykkir atvinnu- og hafnarráð fastráðningu á tímabundnum starfsmanni frá því í febrúar sl.

7. Skemmtiferðaskip (2026020459)

Þrjú skemmtiferðaskip hafa komið til Keflavíkurhafnar það sem af er árinu og tvö eru væntanleg í september. Tvö skip afboðuðu komu sína í sumar, annað vegna breytingar á áætlun og hitt vegna veðurs. Farið var yfir hvernig til hefur tekist varðandi móttöku og þjónustu við viðkomandi skip.

8. Hafnasambandsþing 2026 (2026080170)

Hafnasambandsþing verður haldið í Reykjanesbæ þann 22. og 23. október nk. á vegum Hafnasambands Íslands í boði Reykjaneshafnar í samstarfi við Grindarvíkurhöfn og Sandgerðishöfn. Farið var yfir stöðu mála vegna undirbúnings fyrir þingið.

9. K64 Hringrásariðngarður (2023100396)

Fundargerð faghóps um K64 Hringrásariðngarð frá 29. júní lögð fram.

10. Reykjaneshöfn – merki hafnarinnar (2026080172)

Halldóra G. Jónsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og menningarsviðs, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Kynntar voru hugmyndir að merki fyrir Reykjaneshöfn.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að halda áfram vinnu að merki fyrir Reykjaneshöfn í samræmi við umræður á fundinum.

11. Samráðsnefnd atvinnu- og hafnarráðs, skipulagsráðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs (2026020457)

Drög að erindisbréfi samráðsnefndar atvinnu- og hafnarráðs, skipulagsráðs og umhverfis- og framkvæmdaráðs lögð fram.

12. Ímynd og ásýnd Reykjaness (2026080173)

Halldóra G. Jónsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og menningarsviðs, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Niðurstöður úr vinnustofu Athygli ráðgjafar og Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja, um ímynd, sérstöðu og sameiginlega framtíðarsýn Reykjaness frá 13. maí sl. lagðar fram.

13. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga - endurskoðun (2026070062)

Bæjarráð Reykjanesbæjar tók fyrir á fundi sínum þann 9. júlí sl. erindi frá innviðaráðuneytinu þar sem óskað var eftir svörum frá sveitarfélögum í tengslum við vinnu ráðuneytisins að stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Bæjarráð vísaði málinu til sviðsstjóra bæjarins og fól þeim að svara spurningum tengdum þeirra sviðum í samráði við viðkomandi

ráð. Halldór K. Hermannsson sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs kynnti drög að svörum við spurningum sem tengjast atvinnu- og hafnarmálum.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög sem framlögð svör og vísar þeim til bæjarráðs.

14. Sólmyrkvi 12. ágúst 2026 (2025040174)

Halldóra G. Jónsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og menningarsviðs, sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Miðvikudaginn 12. ágúst sl. var almyrkvi á sólu á vesturhluta Íslands. Af því tilefni stóð Reykjanesbær fyrir Myrkvastund á fjórum stöðum í Reykjanesbæ, viðburðum með tónlist, fræðslu og fjölbreyttri dagskrá.

Atvinnu- og hafnarráð lýsir ánægju sinn með það hvernig til tókst með viðburðina Myrkvastund þann 12. ágúst sl. og þakkar jafnt sem hrósar öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd þeirra.

15. Erindisbréf atvinnu- og hafnarráðs (2026060327)

Drög að erindisbréfi atvinnu- og hafnarráðs lagt fram til kynningar.

16. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2026050014)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs fyrir fyrstu sex mánuði ársins.

17. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2026010379)

Halldór K. Hermannsson, sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs, fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:33.



Fundargerð

398. fundur menntaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
21. ágúst 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Berglind Ragnarsdóttir formaður, Ásta María Guðmundsdóttir, Bjarni Halldór Heiðuson, Hermann Borgar Jakobsson og Sigrún Þorsteinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Hlynur Jónsson fulltrúi skólastjóra grunnskóla, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Haraldur Axel Einarsson grunnskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

Diana Hilmarsdóttir boðaði forföll og sat Ásta María Guðmundsdóttir fundinn í hennar stað. Ragnar Már Ragnarsson boðaði forföll og sat Hermann Borgar Jakobsson fundinn í hans stað.

* * *

1. Mælaborð menntasviðs - hálfis árs uppgjör 2026 (2026060250)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs kynnti mælaborð sviðsins fyrir janúar til júní 2026.

Menntaráð telur mikilvægt að fylgjast vel með áframhaldandi þróun mælaborðsins og skólastarfs í sveitarfélaginu.

2. Árangursmælikvarðar - mælaborð grunnskólastarfs (2026080226)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs kynnti tillögu um að hafin verði markviss vinna við að yfirfara og þróa árangursmælingar í grunnskólastarfi Reykjaneshæjar. Markmiðið er að skapa heildstæða yfirsýn yfir lykilþætti skólastarfs og kanna hvernig nýta megi samræmd gögn og árangursmælikvarða með markvissari hætti til umbóta og til að styðja við öflugt skólastarf í öllum grunnskólum sveitarfélagsins.

Lagt er til að starfshópur innan stjórnsýslunnar leiði verkefnið. Í hópnum verði sviðsstjóri menntasviðs, grunnskólafulltrúi, deildarstjóri skólalþjónustu og yfirsálfræðingur skólalþjónustu. Starfshópurinn hafi jafnframt samráð við skólastjórnendur og aðra hagaðila eftir því sem vinnunni vindur fram.

Menntaráð samþykkir tillöguna.

3. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga - endurskoðun (2026070062)

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga þar sem fyrsta skrefið er gerð grænbókar um málefnið. Í grænbók birtist stöðumat á helstu lögbundnu verkefnum og öðrum viðfangsefnum sveitarfélaga og greiningu áskorana og tækifæra, sem lagt verður til grundvallar endurskoðunar stefnu og

aðgerðaáætlunar í málaflokknum. Bæjarráð vísaði málinu til sviðsstjóra bæjarins og fól þeim að svara spurningum tengdum þeirra sviðum í samráði við viðkomandi ráð.

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs kynnti drög að svörum við spurningum sem tengjast menntamálum.

Menntaráð samþykkir framlögð svör sem snúa að menntasviði og vísar þeim til bæjarráðs.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:07.



Fundargerð

207. fundur íþróttá-, tómstunda- og menningarráðs Reykjaneshæjar
haldinn að Grænásbraut 910, 24. ágúst 2026, kl. 14:00

Viðstaddir: Sunna Gunnarsdóttir formaður, Birgir Már Bragason, Bjarni Gunnólfsson, Logi Þór Ágústsson og Hámundur Örn Helgason.

Að auki sátu fundinn Frosti Kjartan Rúnarsson fulltrúi ungmennaráðs, Rúnar Vífill Arnarson, formaður Íþróttabandalags Reykjaneshæjar, Hafþór Barði Birgisson, íþróttá- og tómstundafulltrúi og Erna María Svavarsdóttir ritari.

Guðmundur Steinarsson boðaði forföll, Logi Þór Ágústsson sat fundinn í hans stað.

* * *

1. Kynning á starfsemi Keflavíkur, íþróttá- og ungmennafélags (2026080179)

Birgir Már Bragason kynnti starfsemi Keflavíkur, íþróttá- og ungmennafélags og farið var yfir helstu þætti hennar.

Íþróttá-, tómstunda- og menningarráð þakkar fyrir góða og upplýsandi kynningu.

2. Kynning á starfsemi Ungmennafélags Njarðvíkur (2026080180)

Hámundur Örn Helgason kynnti starfsemi Ungmennafélags Njarðvíkur og farið var yfir helstu þætti hennar.

Íþróttá-, tómstunda- og menningarráð þakkar fyrir upplýsingagjöf íþróttafélaganna og telur þetta mikilvægt fyrsta skref í formlegu samtali sveitarfélagsins og íþróttahreyfingarinnar um framtíð íþróttamála í Reykjaneshæ.

Ráðið leggur áherslu á að samtalið taki meðal annars til framtíðarsýnar um uppbyggingu og viðhald íþróttamannvirkja, fyrirkomulags og umfangs stuðnings sveitarfélagsins við íþróttafélögin og leiða til lækkunar á æfingagjöldum fyrir iðkendur.

Íþróttá-, tómstunda- og menningarráð leggur til að bæjarstjóri skipi stýrihóp innan stjórnsýslu Reykjaneshæjar sem leiði formlegt samtal við íþróttahreyfinguna í heild sinni og undirbúi tillögur að næstu skrefum, þar á meðal varðandi framtíðarsýn í mannvirkjamálum, aukinn stuðning við íþróttafélögin og lækkun æfingagjalda.

Stýrihópurinn skal upplýsa íþróttá-, tómstunda- og menningarráð reglulega um framgang vinnunnar og leggja tillögur sínar fyrir ráðið. Ákvarðanir um einstakar aðgerðir, samninga og skuldbindingar Reykjaneshæjar verða teknar af íþróttá-, tómstunda- og menningarráði eftir því sem við á.

3. Frístundir.is – auglýsingar fyrir veturinn 2026-2027 (2026080198)

Hafþór Birgisson, íþrótt- og tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar, kynnti vinnu við að safna auglýsingum um það sem verður í boði fyrir börn, ungmenni og fullorðna veturinn 2026-2027.

Hægt er að senda inn auglýsingar um íþrótt- og tómstundatilboð á netfangið forvarnir@reykjanesbaer.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir 1. september 2026.

4. Sundráð ÍRB - samningur um eflingu barnastarfs (2026080184)

Samningur um eflingu barna- og ungmennastarfs Sundráðs ÍRB lagður fram og samþykktur.

5. Kynning á menningarmálum Reykjanesbæjar (2026080183)

Halldóra Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, situr fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti starfsemi og helstu verkefni á sviði menningarmála í Reykjanesbæ.

Íþrótt-, tómstunda- og menningarráð þakkar fyrir góða og upplýsandi kynningu.

6. Ljósanótt - drög að dagskrá og hvatning til þátttöku (2026060286)

Halldóra Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri menningar- og þjónustusviðs, situr fundinn undir þessum dagskrárlið. Drög að dagskrá Ljósanætur 2026 voru kynnt. Dagskráin er að venju fjölbreytt og skemmtileg. Ýmsir fastir liðir einkenna hátíðina og má þar nefna setningarhátíð þar sem börnin í bæjarfélaginu eru í aðalhlutverki, opnanir nýrra listsýninga á vegum Listasafns Reykjanesbæjar og sýninga um allan bæ í kjölfarið, kjötsúpu Skólamatar, árgangagöngu, akstur glæsikerra, stórtónleika á útisviði og flugeldasýningu.

Íþrótt-, tómstunda- og menningarráð hvetur íbúa til að taka þátt í metnaðarfullri dagskrá. Hægt er að kynna sér dagskrána á vef Ljósanætur, ljosanott.is.

7. Sýningaropnun í Byggðasafni Reykjanesbæjar - Litið í baksýnispegilinn (2026080190)

Byggðasafn Reykjanesbæjar opnar sýninguna Litið í baksýnispegilinn fimmtudaginn 3. september 2026 í Bíosal Duus safnahúsa. Opnunin er hluti af dagskrá safnahúsanna á Ljósanótt.

Á sýningunni er litið í baksýnispegilinn á skemmtileg augnablik sem hafa verið fönguð á mynd og staldrað við nokkrar af helstu vörðum bílvæðingar á Suðurnesjum.

Í safninu er til fjöldi ljósmynda sem endurspeglar þær miklu breytingar sem hafa orðið á samgöngum síðan fyrsta bílferðin var farin frá Hafnarfirði til Keflavíkur árið 1913. Betri vegir og aukinn fjöldi bíla í kjölfar síðari heimsstyrjaldar höfðu mikil áhrif, atvinnulíf eflist, vöruflutningar urðu einfaldari og ferðalög almennari.

Verið öll velkomin! Sýningin stendur til 25. apríl 2027.

8. Byggðasafn Reykjanesbæjar - Sögugöngur 2026 (2026080191)

Byggðasafn Reykjanesbæjar vekur athygli á sögugöngum safnsins. Í ár eru þær fjórar talsins og er dagskráin eftirfarandi:

13. ágúst kl. 20:00 við kirkjuna í Innri-Njarðvík: Fornminjar í Innri-Njarðvík. Þór Hjaltalín, sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands leiðir gönguna.

20. ágúst kl. 20:00 við kirkjuna í Ytri-Njarðvík: Konur um konur. Rannveig Garðarsdóttir leiðir gönguna.

27. ágúst kl. 20:00 við Kirkjuvogskirkju í Höfnum: Víkingaaldarskáli í Höfnum. Ármann Guðmundsson fornleifafræðingur leiðir gönguna.

6. september kl. 11:00 við Duus safnahús: Gömlu húsin í Keflavík. Jón Stefán Einarsson arkitekt leiðir gönguna.

9. Danskompaní (2026080126)

Íþróttta-, tómstunda- og menningarráð óskar Danskompaní innilega til hamingju með glæsilegan árangur á World Cup í sumar. Árangurinn endurspeglar þann mikla metnað og öfluga starf sem unnið er hjá félaginu.

Ráðið óskar iðkendum, þjálfurum og aðstandendum Danskompanís áframhaldandi velgengni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:48.



Fundargerð

2. fundur leikskólaráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910
28. ágúst 2026, kl. 08:15

Viðstaddir: Ásdís Ólafsdóttir formaður, Harpa Björg Sævarsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Logi Þór Ágústsson og Sighvatur Jónsson.

Að auki sátu fundinn Ólöf Magnea Sverrisdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Linda Hlín Heiðarsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Maciej Baginski fulltrúi foreldra leikskólabarna, Sverrir Örn Leifsson varamaður, Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs, Bergljót Sif Stefánsdóttir leikskólafulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

* * *

1. Mælaborð menntasviðs - hálfis árs uppgjör 2026 (2026060250)

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs kynnti mælaborð sviðsins fyrir janúar til júní 2026.

2. Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga (2026070062)

Innviðaráðuneytið hefur ýtt úr vör vinnu við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í málefnum sveitarfélaga þar sem fyrsta skrefið er gerð grænbókar um málefnið. Í grænbók birtist stöðumat á helstu lögbundnu verkefnum og öðrum viðfangsefnum sveitarfélaga og greiningu áskorana og tækifæra, sem lagt verður til grundvallar endurskoðunar stefnu og aðgerðaáætlunar í málaflokknum. Bæjarráð vísaði málinu til sviðsstjóra bæjarins og fól þeim að svara spurningum tengdum þeirra sviðum í samráði við viðkomandi ráð.

Helgi Arnarson sviðsstjóri menntasviðs kynnti drög að svörum við spurningum sem heyra undir málaflokk menntamála.

Leikskólaráð samþykkir framlögð svör fyrir sitt leyti.

3. 100 daga áætlun meirihlutans - fjölgun leikskólakennara (2026060280)

Lagt er til að skipaður verði spretthópur um fjölgun leikskólakennara og annars fagmenntaðs starfsfólks í leikskólum Reykjaneshæjar. Markmiðið er að móta raunhæfar leiðir til að laða fleira fagmenntað starfsfólk til leikskólanna. Tillagan er í samræmi við 100 daga áætlun meirihluta Sjálfstæðisflokks og Miðflokks. Hópurinn mun nýta fyrirbyggjandi vinnu starfshóps um leikskólamál frá síðasta kjörtímabili.

Lagt er til að spretthópurinn verði skipaður fulltrúum stjórnsýslunnar og leikskólanna sem hafa þekkingu á starfi leikskólakennara og starfsemi leikskóla. Mælt er með því að í hópnum sitji formaður leikskólaráðs, leikskólafulltrúi, fulltrúi leikskólastjóra auk fulltrúa sem meirihluti og minnihluti bæjarstjórnar tilnefna. Hópurinn skili aðgerðaáætlun til leikskólaráðs í október 2026.

Leikskólaráð samþykkir tillögu um stofnun tímabundins spretthóps og skipan hópsins.

4. Leikskólar og dagforeldrar í Reykjanesbæ haustið 2026 (2026080342)

Bergljót Sif Stefánsdóttir leikskólafulltrúi fór yfir upplýsingar um fjölda barna, laus pláss og úthlutun í leikskólum og hjá dagforeldrum í Reykjanesbæ.

5. Könnun um þjónustu leikskóla (2026080344)

Lagt er til að gerð verði könnun meðal þjónustunotenda varðandi sumarfrí og lokunardaga á leikskólum í Reykjanesbæ.

Leikskólaráð samþykkir tillöguna. Ráðið mun undirbúa könnunina í samstarfi við sviðsstjóra menntasviðs og leikskólafulltrúa og leggja fram á næsta fundi þann 25. september 2026.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:04.

Fyrirspurn Samfylkingar í bæjarstjórn 18. ágúst 2026 lögð fram undir fundargerð velferðarráðs 13. ágúst 2026:

Þriðja mál frá fundargerð velferðarráðs – Málefni flóttafólks – svar við fyrirspurn (2024100122)

„Í desember 2025, skömmu áður en samningur Reykjanesbæjar um samræmda móttöku flóttafólks rann út um áramótin, frestaði bæjarstjórn ákvörðun um nýjan samning og kallaði eftir frekari viðræðum við ríkið. Í kosningabaráttunni lýstu flokkarnir sem nú mynda meirihluta því hins vegar skýrt yfir að ekki yrðu gerðir fleiri samningar við ríkið um móttöku flóttafólks.

Pólitísk afstaða meirihluta flokkanna virðist því hafa legið fyrir, en ekki hefur komið jafn skýrt fram hvort henni hafi verið hrint í framkvæmd með formlegri ákvörðun, til hvaða samninga hún nái, á hvaða mati hún byggist og hvaða afleiðingar hún hafi fyrir Reykjanesbæ.

Mikilvægt er að aðgreina annars vegar samning um samræmda móttöku fólks sem hefur fengið alþjóðlega vernd og hins vegar samning við Vinnumálastofnun um þjónustu við umsækjendur sem bíða niðurstöðu. Því óska ég eftir formlegum svörum við eftirfarandi spurningum frá núverandi meirihluta:

1. Nær sú yfirlýsing Sjálfstæðisflokks og Miðflokks um að gera ekki fleiri samninga við ríkið bæði til samnings um samræmda móttöku flóttafólks og samnings um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd?
2. Hefur verið tekin formleg ákvörðun um að Reykjanesbær geri ekki nýjan samning um samræmda móttöku?
3. Hafa viðræður farið fram við ríkið frá sveitarstjórnarkosningum varðandi nýjan samning?
4. Er afstaða meirihlutans sú að enginn nýr samningur komi til greina, óháð efni hans og þeim skilyrðum sem ríkið kynni að fallast á?
5. Á hvaða heildstæða fjárhags- og þjónustumati byggist afstaða meirihlutans? Í svari stjórnsýslunnar kemur fram að rekstrarniðurstaða þeirrar deildar velferðarsviðs sem sinnti umsækjendum um alþjóðlega vernd var jákvæð öll árin 2004–2025 að undanskildu árinu 2021. Samningur Reykjanesbæjar við Vinnumálastofnun um þá þjónustu var aðskilinn samningnum um samræmda móttöku.
6. Í svarinu kemur jafnframt fram að 145 umsækjendur um alþjóðlega vernd hafi verið í tveimur úrræðum Vinnumálastofnunar í Reykjanesbæ 17. júlí 2026, þótt þjónustusamningi Reykjanesbæjar og Vinnumálastofnunar hafi lokið 31. júlí 2025. Hvaða áhrif telur meirihlutinn að sú stefna að gera ekki samninga hafi á raunverulegan fjölda fólks í úrræðum innan sveitarfélagsins? Hvaða breytingar hefur samningsleysið haft á greiðslum ríkisins til bæjarins, samráði við sveitarfélagið og möguleikum Reykjanesbæjar til að hafa áhrif á staðsetningu úrræða og framkvæmd þjónustunnar?
7. Verði ekki gerður nýr samningur, hvaða fyrirkomulag á þá að taka við til að tryggja reglubundið samráð við ríkið, kostnaðarþátttöku þess og hagsmuni Reykjanesbæjar í málaflokknum?

Ég óska eftir formlegum svörum á næsta fundi bæjarstjórnar.”
Aðalheiður Hilmarsdóttir Samfylkingu.

Fyrirspurn Samfylkingar í bæjarstjórn 18. ágúst 2026 lögð fram undir fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs 13. ágúst 2026:

Fimmta mál frá fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs - Ásahverfi – umferðaröryggi (2026050289)

„Hver er staðan á þessum verkefnum sem búið var að samþykkja og setja fjármagn í, þ.e. hvenær verður hafist handa við umræddar framkvæmdir á árinu 2026?

Hefur núverandi meirihluti ákveðið að hætta við umræddar framkvæmdir?

Ef svo er, hvaða aðrar framkvæmdir hefur umrætt fjármagn farið í?

Að lokum, hvað er átt við með bráðabirgðahringtorgi?

Ég óska eftir formlegum svörum við fyrirspurn minni á næsta fundi bæjarstjórnar.“

Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu.

Fyrirspurn Samfylkingar í bæjarstjórn 18. ágúst 2026 lögð fram undir fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs 13. ágúst 2026:

Tíunda mál frá fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs - Fjárfestingaverkefni 2027 (2026080103)

„Af hverju er verkefnið um leikskóla Stapaskóla ekki á listanum yfir verkefni sem þarf að fara að huga að?

Stendur til að flytja bókasafnið úr Hljómahöll?

Ég óska eftir formlegum svörum við fyrirspurn minni á næsta fundi bæjarstjórnar.“

Guðný Birna Guðmundsdóttir Samfylkingu.